

mína; og óhljóðin urðu að stunum. Hann færði sig nær dyrumum. "Nafn hans" sagði Imam Din—eins og að nafnið væri hluti af afbrotinu—"er Muhammad Din, og hann er *budmash*." Muhammad Din, sem var nú laus úr allri hættu, snéri sér við í örnum föður síns og sagði alvarlega: "það er satt að ég heiti Muhammad Din, *tahib*, en ég er ekki *budmash*—ég er maður."

Frá þessum degi byrjaði kunningskapur minn við Muhammad Din. Hann kom aldrei framar inn í bordstofuna mína; en í garðinum heilsuðumst við með mikilli viðhöfn, þó samtalið væri takmarkað við: "Talaam talib," á hans hlið, og "Salaam Muhammad Din," á mína. Á hverjum degi, þegar ég kom af skrifstofunni, kom litla hvíta skyrtan of þriflegi búkurinn á Muhammad Din út úr skugga laufþaktrar girðingar, þar sem hann hafði verið falinn; og á hverjum degi stöðvaði ég hestinn þar, til að kveðjunni skyldi ekki vera kastað í hugsunarleysi.

Muhammad Din hafði aldrei neina leikbraður. Hann hljóp fram og aftur um garðinn, innan um runnana, í óskiljanlegum erindagjörðum. Einn dag rakst ég á eitt af handaverkum hans niðri í garðinum. Hann hafði grafið knöttinn til hálfs í moldina og stungið sex visnum laufblöðum hringin í kringum. Fyrir utan hringinn var ferhyrningur úr múnsteina brotum og glerjum á víxl; utan um alt var ofurlíttill moldarveggur. Vatnsberinn, sem stóð við brunninn tók málstað litla byggingameistaraans, sagði, að þetta væri aðeins barnalaikur og skemdi ekki garðinn.

Hamingjan veit, að ég hafði ekki í huga að snerta verk barnsins þá eða síðar; en um kvöldið þegar ég var að ganga um garðinn, gekk ég óvart yfir það. Áður en ég vissi af, hafði ég troðið moldarvegginn, laufin og glerbrotin niður og eyðilagt alt saman. Næsta morgun fann ég Muhammad Din grátandi yfir skaðanum, sem ég hafði gert. Einhver hafði sagt honum að *sahib*-inn væri mjög reiður við hann, fyrir að skemma garðinn, og hefði fleygt ruslinu hans í burtu og brúkað ill orð á meðan. Muhammad Din reyndi að eyða öllum ummerkjum, og hann var hnugginn og skömmustulegur á svipinn er hann sagði: "Talaam *tahib*," þegar ég kom heim af skrifstofunni. Fljót rannsókn í